

Skattstjórnin í Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. P 127/2003

komudagur 22. 4. 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
bt. nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2002


Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 10. apríl 2002, var óskað eftir umsögn minni um tillögu til þingsályktunar um úttekt á umfangi skattsvika, skattsnidgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi (186. mál).

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að úttektir á umfangi skattsvika voru gerðar á árunum 1984 og 1992. Frá því seinni úttektin var gerð hafa orðið miklar breytingar í atvinnulífi þjóðarinnar og umsvif fyrirtækja og fjármálaviðskipta hafa fundið sér nýja farvegi. Frá samþykkt laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, hefur mikill fjöldi þeirra verið stofnaður. Aukin alþjóðavæðing hefur einnig leitt til breytinga á viðskiptaháttum. Vart hefur orðið við óvenjulega samninga við erlend félög og hefur skoðun eftirlitsskrifstofu embættisins leitt til skattbreytinga sem nema verulegum fjáhæðum. Einnig má geta þess að lög um virðisaukaskatt tóku gildi 1. janúar 1990 og verður að telja fullt tilefni til úttektar á skilum á honum.

Ég tek undir það með flutningsmönnum að úttekt á umfangi skattsvika sé til þess fallin að veita aðhald og opna möguleika á endurbótum í skatteftirliti. Ný úttekt gæti einnig gefið upplýsingar um þær breytingar sem mögulega hafa orðið á skattundandrætti og skattsvikum á síðasta áratug. Jafnframt gefur hún færi á að endurmeta aðferðir við skatteftirlit og skattrannsóknir.

Ég tel því tímabært að láta gera úttekt á umfangi skattsvika, skattsnidgöngu og dulinni efnahagsstarfsemi.

Virðingarfyllst



Gestur Steinþórsson